

Kröfur til háttsemi starfsmanna ríkisins

1. **Ríkisstarfsmaður virðir meginreglur góðs stjórnarfars:**
 - er ábyrgur fyrir ákvörðunum, árangri og háttsemi
 - er óhlutdrægur og hlutlaus
 - gætir sjónarmiða um lögmæti, hlutlægni, jafnræði og meðalhóf
 - gætir sjónarmiða um aðgang að upplýsingum og gegnsæi stjórnsýslunnar
2. **Ríkisstarfsmaður er til fyrirmyndar um fagleg vinnubrögð og háttsemi:**
 - rækir starf sitt af alúð og samviskusemi, gætir kurteisi, lipurðar og réttsýni og veitir aðstoð og leiðbeiningar
 - hlýðir löglegum fyrirskipunum yfirmanna og gegnir skyldum sínum
 - forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis
 - forðast háttsemi sem er ósæmileg, óhæfileg eða ósamrýmanleg starfinu
3. **Ríkisstarfsmaður gegnir starfi sínu eins vel og honum er unnt:**
 - sýnir stundvísi
 - gegnir störfum af kunnáttu, vandvirkni og varast hverskyns vanrækslu
 - gætir þess að fjárhagsráðstafanir sem hann ber ábyrgð á séu í samræmi við heimildir
 - viðheldur fullnægjandi kunnáttu
 - sýnir fullnægjandi árangur
4. **Ríkisstarfsmaður notar aðstöðu sína og vald aðeins í þágu almannahagsmuna:**
 - tekur ekki við eða heimilar gjafir eða annan ávinning sem hann á ekki tilkall til í sambandi við framkvæmd starfa síns
 - gætir réttsýni við úrlausn máls og misbeitir ekki valdi sínu
 - misnotar ekki stöðu sína sér eða öðrum til ávinnings
 - virðir trúnað og gætir þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi og leynt skulu fara
5. **Ríkisstarfsmaður sýnir varkárni varðandi persónulega háttsemi:**
 - varast háttsemi sem er ósamrýmanleg starfinu (þ.m.t. brot á hegningarlögum)
 - tekur ekki við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, stjórnarsetu atvinnufyrirtækis eða stofnar atvinnufyrirtæki án þess að skýra vinnuveitanda frá því
 - heldur reglu á persónulegum fjárreiðum, sérstaklega ef hann ber ábyrgð á opinberum fjárreiðum